

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorps Þingeyinga Kópask urðun við Kópasker



<b>Dags eftirlits</b>	13.5.2015	<b>Fulltrúi UST</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Sorps Þingeyinga Kópask	<b>Fulltrúi UST</b>	
<b>Heimili</b>	Víðimóar 2, Húsavík	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	711001-2470	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Hafsteinn Gunnarsson	<b>ÍSAT nr.</b>	38.21.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	615746,542 649342,948

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávík frá tillögu að starfsleyfi komu fram. Magntölum úrgangs var ekki skilað til eftirlitsaðila á tilsettum tíma, ekki er búið að mæla stöðu grunnvatns og dýrahæ var í urðunarrein án tilskilis leyfis Umhverfisstofnunar. Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.

## UMFANG EFTIRLITS

Starfsleyfi urðunarstaðarinnar er runnið út en undanþága frá starfsleyfi vegna reksturs var veitt af umhverfis- og auðlindaráðuneytinu þann 4. mars 2014 sem síðan var framlengd til 15. október 2015 með þeim skilyrðum að starfað sé samkvæmt tillögu að starfsleyfi sem Umhverfisstofnun sendi rekstraraðila þann 26. febrúar sl.

Skv. starfsleyfistillögunni er heimilt að taka á móti allt að 600 tonnum af úrgangi á ári. Þarf af eru 500 tonn af úrgangi sem á uppruna sinn á Kópaskeri, Raufarhöfn eða í dreifbýli í nágrenni þeirra og 100 tonn af brotamálmum til flokkunar, rúmmálsminnkunar, pökkunar og geymslu.

Sjónskoðun fór fram á urðunarstaðnum. Ein urðunargryfja var opin á staðnum og var litið ofan í hana. Þar mátti sjá sambland af mismunandi úrgangi, timbri, almennu sorpi og hræ af kind. Einnig mátti sjá hildar liggjandi á svæðinu í kringum opnu gryfjuna.

Á staðnum voru afmarkaðir haugar annars vegar með járn og hins vegar timbri. Einnig var litið á brotajárnsgrýfju sem stóð opin en í hvarfi frá vegi.

Ekkert fok var sjánlegt og umgengni var ágæt.

Fundur var haldin á Húsavík með Hafsteini Gunnarssyni þar sem farið var yfir stöðu mála varðandi staðinn. Farið var yfir tillögu að starfsleyfis og minnt á skiladaga skv. henni.

Engar kvartanir hafa borist vegna starfseminnar, hvorki til rekstraraðila, eftirlitsaðila né heilbrigðiseftirlits.

### Frávík frá

Grein 5.4 í tillögu að starfsleyfi

### Lýsing á fráviki

Skýrsla skv. grein 5.4, varðandi skil á upplýsingum um allan úrgang sem tekið er á móti sbr. gr. 4.1 í tillögu að starfsleyfi, hefur ekki borist eftirlitsaðila, en skila á henni fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár.

Grein 1.2 í tillögu að starfsleyfi

Einungis er heimilt að urða dýrahæ, smitandi sláturúrgang og annan smitandi landbúnaðarúrgang að fengnu sérstöku leyfi Umhverfisstofnunar, sbr. 7.gr. reglugerðar nr. 738/2003. Hræ af kind var í opinni urðunargryfju.

Grein 5.2 í tillögu að starfsleyfi

Mælingar á stöðu grunnvatns hafa enn ekki verið gerðar en mæla skal fyrir 1. maí ár hvert.

## ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.


**ANNAÐ**

Ekki hefur verið boðið upp á endurmenntun starfsmanna en rekstraraðili segir að góð þekking sé til staðar hjá starfsmönnum hvað varðar skilyrði starfsleyfisins og rétta meðhöndlun úrgangs eins og fram kemur í gr. 2.7 í tillögu að starfsleyfi.

Gjald er tekið fyrir móttöku úrgangs og hefur gengið vel að innheimta upp í tilfallandi rekstrarkostnað.

Porkell Björnsson frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra var einnig viðstaddur eftirlitið.

Reykjavík, 22.05.2015



Guðbjörg Stella Árnadóttir

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.